

Greinargerð

Í Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 er náma E26 skilgreind á eftirfarandi hátt, en viðbætur vegna fyrirhugaðra breytinga eru skálastraðar:

Nr. Svæðis	Nr. Vegag.	Staður	Skipulagsákvæði
E26-A	BG-03	Skurðsbrúnnir	49.900 m ² /149.900 m ²

Í tengslum við uppbyggingu vegar frá hafnarsvæði á Húsavík að iðnaðarsvæði á Bakka ásamt gatnagerð innan iðnaðarsvæðisins er þörf á talsverðu efni til fyllingar. Einnig þarf efni til hafnarframkvæmda á Húsavík. Samkvæmt athugun Vegagerðarinnar er efni úr námu E26-A talið henta best til fyrirhugaðra framkvæmda. Staðsetning námu E26 er felld niður við Bakkaá og Eyrar en sú náma hefur aldrei verið opnuð. Í stað þess er ný náma, E26-A, skilgreind í Skurðsbrúnum. Gert er ráð fyrir nýtingu námunnar til ársins 2030.

Aðkomuvegur að námu er sýndur á aðalskipulagsuppdraetti til uppýsingar. Um er að ræða um 2,8 km langan veg og um 7 m breiðan. Vegurinn fylgir að mestu vegstæði fyrirhugaðs línuvegur vegna háspennulínu og hefur sá vegur þegar fengið umfjöllun í mat á umhverfisáhrifum háspennulínu.

Náman verður innan grannsvæðis vatnsverndar. Grannsvæði þetta er eitt nokkurra grannsvæða sem afmörkuð hafa verið til mögulegra nota í framtíðinni hvort sem er fyrir atvinnustarfsemi eða almennra nota. Ekki eru fyrirhuguð not fyrir vatn úr þessum uppsprettum í brád. Þetta tiltekna grannsvæði var afmarkað til að gæta að litlum uppsprettum Bakkaár sem fyrirhugað var að virkja til að nota á iðnaðarsvæði. Til lengri tíma er ósennilegt að efnistakan muni hafa veruleg neikvæð áhrif á uppsprettuna. Norðurþing leggur áherslu á að efni sem ytt verði ofan af og ekki nýttist verði haugsett norðan og austan námunnar til að vernda grannsvæðið. Öll umgengni vestan og utan marka hennar þar verði óheimil. Nánari skilmálar um umgengni við námu með tilliti til vatnsverndarsvæðis verða settir í deiliskipulagi.

Umhverfisáhrif

Fyrirhuguð efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. 1. viðauka tl. 2.03 sem fjallar um efnistöku. Framkvæmdin fellur þar með einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Vegagerðin hefur lagt mat á umhverfisáhrif efnistöknar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Umfjöllun um umhverfisáhrif styðst við greinargerð Vegagerðarinnar, en einnig skýrslu Jarðfræðistofunnar Stapa um grjótnám í Skurðsbrúnum og matskýrslu vegna háspennulína að Bakka.

Valkostir

Við undirbúning breytingar voru skoðaðir nokkrir kostir til efnistöku. Aðrar námur sem komu til skoðunar voru Katlanáma, náma við Jónsnipu og náma við Grásteinsheiði. Fyrirgreindu tvær námurnar eru opnar. Við skoðun kom í ljós að flutningsvegalengd frá þessum námum til Húsavíkur yrði nokkuð mikil og yrði flutningur efnis einnig í gegnum miðbæ Húsavíkur. Norðurþing telur mikinn hag í því að nýta efni úr nýrri námu í Skurðsbrúnum, einkum þar sem hún er nær Húsavík og efnisflutningar verða ekki í gegnum miðbæinn. Hægt verður einnig að nýta námuna við frekari uppbyggingu á Bakka.

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana eru helstu umhverfisáhrif talin vera:

Ásýnd og landslag: Breyting verður á ásýnd svæðis við opnun um 50.000 m² námu á svæði sem ekki er raskað í dag. Náman

yrði innan svæðis þar sem gildi landslagsheildar hefur verið metið lágt í fyrri matsverkefnum, en einkenni heildarinnar eru grónnir melar, lækir og gil og útsýni í átt til sjávar. Náman yrði í hvarfi frá íbúðarbyggð. Norðurþing telur að með vönduðum rekstri og frágangi námunnar verði áhrif á þennan umhverfisþátt óveruleg.


Fornleifar: Skráning fornleifa hefur átt sér stað í nágrenni námunnar í tengslum við umhverfismat linulagnar og eru fornleifar sem þar fundust merktar inn á uppdráttinn. Gera má ráð fyrir að götuslóðar og garðlag verði fyrir áhrifum vegna vegagerðar. Farið verður að tilmælum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir gagnvart mögulegum áhrifum á þessar fornleifar, en vísad er í deiliskipulag um nánari útfærslu þess. Einnig er vísad í 21. gr. laga um menningarmínjar um að ekki megi spilla fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar og 2.mgr.24.gr. sömu laga um stöðvun framkvæmda og samráð við Minjastofnun ef áður ókunnar fornleifar finnast við framkvæmd verks.

Gróðurfar og fuglalíf: Fyrirhuguð náma er staðsett í lítt grónu holti sem í fyrirbyggjandi gögnum hefur skilgreininguna ógróinn melur eða fjalldrapamói. Opnun námunnar hefur neikvæð áhrif á gróður með skerðingu gróðurlendis. Gróðurlendið er ekki talið hafa sérstakt verndargildi. Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun um frágang og uppgræðslu að efnistöku lokinni. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki talin hætta á að áhrif verði á fugla á válista. Helstu neikvæðu áhrif á fuglalíf verða á framkvæmdatíma vegna hávaða og umferðar, en einnig raskast búsvæði sem yrði innan námusvæðis. Aðkomuvegur að námuni liggur um gróið land og þar raskast bæði gróðurlendi og kjörlendi fugla. Hvorki eru þekktar sjaldgæfar fuglategundir né plöntutegundir í vegstæðinu. miðað við fyrirbyggjandi gögn.


Jarðfræði og jarðmyndanir: Samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum samanstendur berggrunnur fyrirhugaðrar námu af grágrýti frá ísöld. Sú jarðmyndun er algeng og nýtur ekki sérstakrar verndar og því ekki talin markverð með tilliti til jarðmyndana. Telja má að áhrif námunnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Vatnsvernd: Náma yrði staðsett á skilgreindu grannsvæði vatnsverndar samkvæmt núgildandi skipulagi og hefði því neikvæð áhrif á það. Til lengri tíma er ósennilegt að efnistakan muni hafa veruleg neikvæð áhrif á uppsprettuna.


Samfélag: Efni til hafnargerðar verður flutt um Norðausturveg, Héðinsbraut, niður Naustagil og eftir hafnarvegi að Norðurhöfn. Efnismagnið er áætlað allt að 50.000 m³ og er gert ráð fyrir að flutningar á brimvargrjóti fari fram á árunum 2015-2017. Dagleg flutningsþörf gæti orðið 10-20 ferðir stórra grjóttflutningabíla í um 600 daga á tímabilinu. Þessir flutningar munu hafa nokkur neikvæð áhrif á nærliggjandi lóðum, sérstaklega í þeim húsum sem næst standa Héðinsbraut og Naustagili, en áhrifin eru ekki talin veruleg umfram þau sem fylgja almennri umferð. Efnisflutningar úr námu inn á iðnaðarsvæði munu hafa óveruleg áhrif á samfélag.



Úr Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 / Húsavík



Breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 / Húsavík



	Námur		Fornleifar (Fornleifastofnun Íslands)
	Opin svæði til sérstakra nota		Stofnvegir
	Fjarskipti		Tengivegir
	Grannsvæði		Aðrir vegir (til skýringar)
	Fjarsvæði		Raflínur stofnkerfi
	Þéttbýli		Hitaveita stofnæð
	Landbúnaðarsvæði		Ljósleiðari
	Óbyggð svæði		

Samþykkt og staðfesting:


Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36 gr. laga nr. 123/2010 var samþykkt í

Bæjarráði Norðurlands í umboði bæjarstjórnar þann 16. júlí 2015,

NORÐURÞING


Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 30. júlí 2015.



NORÐURÞING

HÖNNUÐUR



MANNVIT

HEITI VERKS

NORÐURÞING

AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010 - 2030

HEITI TEIKNINGAR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2010 - 2030

Efnistökusvæði í Skurðsbrúnum

VERKNUMER	1.681.266	MKV.	1:100 000	STÆRÐ	A3
DAGSETNING/HÖNNUÐUR	9. apríl 2015			ÚTGÁFA	